

1929

5
15. maí

KONUNGSBRÉF

um

þingsuppsögn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vér viljum hérmeð, samkvæmt beiðni yðar vegna sjúkdómsforfalla, veita dóms- og kirkjumálaráðherra, herra Jónasi Jónssyni, umboð til þess í Voru nafni að segja Alþingi slitið, þá er þingið hefir lokið störfum einhvern næstu daga.

Ritað á Amalíuborg, 15. maí 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

Til

Vors forsætisráðherra herra Tryggva Þórhallssonar.